Reykjavík, 10. maí 2019
SFS2019020060
159. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu tillagna um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara***

Á 153. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. febrúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

> *Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um úrbætur sem hafa verið gerðar á þeim 31 atriðum úr samantektarskýrslu sem gerð var eftir kjarasamninga við Félag grunnskólakennara. Hversu mörg atriði af þeim 31 atriðum sem lagt var til úrbóta er búið að framkvæma og hvað á eftir að framkvæma?*

**Svar:**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu tillagna um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara.

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **I. Bætt vinnuumhverfi** | | | |
| **1. Aukinn stuðningur við kennara** | | | |
| **1a. Hegðunarráðgjafar ráðnir í allar þjónustumiðstöðvar.** | Ráða einn hegðunrráðgjafa í hverja þjónustumiðstöð | Grunnskólaskrifstofa / VEL | Hegðunarráðgjafar komnir til starfa á allar þjónustumiðstöðvar. |
| **1b. Talmeinafræðingar ráðnir á allar þjónustumiðstöðvar** | Ráða einn talmeinafræðing í hverja þjónustumiðstöð | Grunnskólaskrifstofa / VEL | 5 talmeinafræðingar ráðnir, vinna á brúnni milli leikskóla og grunnskóla og fylgja nemendum í 1. bekk. |
| **1c. Eyða biðlistum eftir greiningum.** | Ráða í 4-5 stöðugildi sálfræðinga sem eru hreyfanlegir eftir álagi í borgarhluta. Unnið í samráði við VEL. | Grunnskólaskrifstofa / VEL | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |
| **1d. Hækkað starfshlutfall námsráðgjafa á unglingastigi** | Aukin úthlutun v. stöðugilda námsráðgjafa, m.v. 400 nem. á miðstigi og 300 nem. á unglingastigi. | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |
| **1e. Aukinn stuðningur við móðurmálskennslu nemenda af erlendum uppruna** | Endurskoða samning við samtökin Móðurmál með það að markmiði gera nám þar kostnaðarlaust. Fræðsla og stuðningur við námskrárgerð í móðurmálskennslu. | Grunnskólaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |
| **1f. Fjölga brúarsmiðum/móðurmálskennurum** | Ráða í 3 viðbótarstöðugildi brúarsmiða/móðurmálskennara | Grunnskólaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **2. Ný úrræði til að mæta börnum í vanda** | Stofnuð tvö farteymi til að styðja við nemendur í fjölþættum vanda; eitt í hvorum borgarhelmingi. | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Annað farteymið hóf störf haustið 2018 hitt er að fara af stað, eftir að fullmanna. Fullmannað vorið 2019. |
| **3. Staðfestur sveigjanleiki í vinnutíma kennara** | Væntingar um viðveru fari ekki yfir 36 klst. á viku án hádegihlés og skráning í vinnustund taki mið af því. | Grunnskólaskrifstofa/Mannauðsþjónusta | Breyting á viðveru kennara í síðusta kjarsamningi. Að öðru leyti hefur ekki verið farið formlega í verkefnið. |
| **4. Endurskoða skipulag vinnutíma í samráði við kennara** | Vísað til samningsaðila og til hvers og eins skóla | Grunnskólaskrifstofa | Staða verkefnis ólík milli skóla. |
| **5. Skýrt verklag um móttöku nýliða** | Mótuð viðmið um móttökuáætlun og handleiðslu nýliða í kennslu. Unnið í samráði við skólastjóra. | Grunnskólaskrifstofa | Verkefnið er í vinnslu. |
| **6. Handleiðsla og ráðgjöf við kennara í starfi** | Ráðgjafar í hverjum skóla beri ábyrgð á móttöku nýrra kennara og -nema, skipuleggi starfsþróun o.fl. Þróunarverkefni til eins árs. | Grunnskólaskrifstofa | Verkefnið er ekki komið í gang. |
| **7. Kennsluráðgjöf í upplýsingatækni** | Ráðið í ígildi 3 stöðugilda í UST. Þörf endurmetin fyrir haustið 2019. | Grunnskólaskrifstofa | Komið í gang, fjármagni skipt milli fasts stöðugildis, verktöku og átaksverkefna. |
| **8. Leiðsagnarkennarar** | Vísa til samningsaðila. Skoða samstarf við MVHÍ um fræðslu f. leiðsagnarkennara. | Launanefnd sveitarfélaga | Námskeið fyrir leiðsagnarkennara að hefjast. |
| **9. Fagleg forysta skólastjórnenda** | Breytt og aukin úthlutun til viðbótarstjórnunar. Aukin símenntun varðandi faglega forystu. Vísað til starfshóps um starfsumhverfi skólastjóra. | Grunnskólaskrifstofa | Verkefninu var vísað til starfshóps um starfsumhverfi skólastjóra. |

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **10. Skólaþjónusta færist meira út í skólana** | Fagleg stefnumótun færist til SFS og meta fýsileika þess að færa skólaþjónustuna undir SFS.Tryggja eftirfylgni með markvissu samtali SFS og VEL. Stofna þarf samráðshóp í hverjum borgarhluta. | Grunnskólaskrifstofa/VE L | Er ekki komið formlega í gang en starf skólaþjónustu á í ríkara mæli nú að vera unnin innan skóla. |
| **11. Endurnýjun á búnaði til kennslu** | Allir kennarar sem þess óska fái fartölvu til eigin afnota í starfi  Búnaður endurnýjaður skv. stefnumótun í UST. | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Öllum kennurum boðin fartölva haustið 2018. |
| **12. Endurbætur á húsnæði og starfsaðstæðum kennara.** | Forgangsröðuð áætlun  gerð til 5 ára um endurbætur. Mati lokið,  eftir að forgangsraða aðgerðum/endurbótum. Aukið fjármagn til viðhalds skólabygginga | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Ekki búið að fá fjárveitingu í endurbætur á búnaði og aðstöðu. Fjármagn hefur verið aukið verulega til viðhalds skólabygginga. |
| **13. Greining á launakjörum, brotthvarfi og samanburði við aðrar stéttir** | Vísað til kjaraþróunarsviðs. | Grunnskólaskrifstofa/Kja raþróunarsvið | Staða verkefnis óljós. |
| **14. Forgangsröðun og fækkun verkefna** | Unnið í samráði við skólastjóra og Kennarafélag Reykjavíkur. | Grunnskólaskrifstofa í samráði við SÍ og KFR | Vinnan er að hefjast með nýjum samningi við SFR og KFR. |
| **15. Skýrari viðmið um foreldrasamskipti** | Skólar vinni skv. viðmiðum um foreldrasamskipti frá 2017.  Eftirfylgni  frá grunnskólaskrifstofu. | Grunnskólaskrifstofa | Verkefnið er í gangi. |
| **II. Aukin nýliðun í kennaranámi** | | | |

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **16. Ívilnandi aðgerðir til að ýta undir fjölgun kennaranema** | Unnið í samstarfi við menntamálaráðuneytið, Samband ísl. sveitarfélaga o.fl. Felur m.a. í sér breytingar á reglum LÍN. | Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samb. ísl. sveitarfélaga, HÍ o.fl. | Tillögur komnar frá ráðherra. |
| **17. Styðja við að leiðbeinendur í grunnskólum afli sér kennaramenntunar** | Búa til endurmenntunarpott grunnskóla vegna kostnaðar við afleysingar í staðbundnum lotum | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |
| **18. Hvati til að draga úr brottfalli úr kennaranámi** | Sama aðgerð og við tillögu 17. Búa til endurmenntunarpott grunnskóla vegna kostnaðar við afleysingar í staðbundnum lotum að öðru leyti vísað til ráðuneytis varðandi námsstyrk. | Grunnskólaskrifstofa og fjármálaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |
| **19. Kennaranám á grunnstigi metið til launasetningar** | Vísað til samningsaðila | Launanefnd sveitarfélaga | Verkefnið er í gangi. |
| **20. Kynning á starfskjörum grunnskólakennara** | Unnið í samstarfi við kjaraþróunarsvið, mannauðsskrifstofu og helstu hagsmunaaðila. Farið verður í fimm ára samstarfsverkefni um mikilvægi kennarastarfsins. | Grunnskólaskrifstofa/Mannauðsskrifstofa/ Kjaradeild | Auglýsinga- og ímyndarherferð í gangi tekið af sameiginlegu fjármagni leikskóla og grunnskóla gegnum mannauðsskrifstofu sviðsins. |
| **21. Vitundarvakning um mikilvægi kennarastarfsins** | Unnið í samstarfi við mannauðsskrifstofu og helstu hagsmunaaðila, s.s. KÍ, Samb. ísl. sveitarfélaga, SAMFOK og háskóla. | Grunnskólaskrifstofa og mannauðsskrifstofa | Sjá lið 20. |
| **III. Kennaramenntun** | | | |

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **22. Breytingar á inntaki kennaramenntunar** | Hvetja kennaramenntunarstofnanir til að mæta betur þörfum kennara á vettvangi.  SFS heldur vinnustofuna: Hvernig myndum við hafa kennaraháskóla Reykjavíkur? | Grunnskólaskrifstofa í samstarfi við hagsmunaaðila | Aukið samstarf er við MVHÍ um grunn- og símenntun kennara. |
| **23. Auka hlut vettvangsnáms í kennaranámið** | Hvetja kennaramenntunarstofnanir til að efla starfsnám á vettvangi, t.d. með launuðu starfsnámi.  SFS heldur vinnustofuna: Hvernig myndum við hafa kennaraháskóla Reykjavíkur? | Grunnskólaskrifstofa í samstarfi við hagsmunaaðila | Tillaga komin frá menntamálaráðherra. Aukið samstarf við MVHÍ. |
| **24. Auka hagnýta kennslufræði í kennaranámi** | Kennaramenntunarstofnanir hvattar til að auka vægi hagnýtrar kennslufræði og kennslu sannprófaðra kennsluaðferða.  Skóla- og frístundasvið heldur vinnustofuna: Hvernig myndum við hafa kennaraháskóla Reykjavíkur? | Grunnskólaskrifstofa í samstarfi við hagsmunaaðila | Aukið samstarf við MVHÍ. |
| **IV. Starfsþróun** | | | |
| **25. Gæðamat starfsþróunar** | Gerð úttekt á umsóknum kennara í starfsþróunarsjóði og nýtingu starfsþróunarstunda. Ráðinn verktaki til að taka út atriði sem koma fram í tillögum 25 og 28 og móta síðan tillögur og koma að verkefnum 26 og 27. | Grunnskólaskrifstofa í samstarfi við SKOR og mannauðsþjónustu | Skýrsla lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019. |
| **26. Markviss starfsþróun kennara í samstarfi við háskóla** | Auka framboð starfsþróunar á sviðum sem valda kennurum álagi í starfi. Byggja á tillögum úttektar(sjá 25) og helstu hagsmunaaðila. | Grunnskólaskrifstofa | Skýrsla lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019. |

# Tillögur um aðgerðir í starfsumhverfi grunnskólakennara

| Tillaga | Hvað þarf að gera/er gert | Ábyrgð | Staða |
|---|---|---|---|
| **27. Auka framboð á starfsþróunarkostum** | Auka framboð á starfsþróunarmöguleikum á mismunandi fagsviðum í samráði við fagfélög kennara. Byggja á tillögum úttektar (sjá 25) og helstu hagsmunaaðila. (sjá nr. 26). | Grunnskólaskrifstofa | Skýrsla lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019. Tillögugerð verður unnin með Kennarafélagi Reykjavíkur og Félagi skólastjórnenda í Reykjavík í framhaldinu. |
| **28. Starfsþróunaráætlanir skóla** | Ráðinn verktaki til að taka út atriði sem koma fram í tillögum 25 og 28 og móta síðan tillögur og koma að verkefnum 26 og 27. | Grunnskólaskrifstofa | Skýrsla lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019. Tillögugerð verður unnin með Kennarafélagi Reykjavíkur og Félagi skólastjórnenda í Reykjavík í framhaldinu. |
| **29. Samstarf um lokaverkefni** | Gerður hugmyndabanki um möguleg lokaverkefni. Í ár eru verðlaunuð 12 meistaraverkefni. Reynslan metin haustið 2018 eða innleiða tillögu 29. | Grunnskólaskrifstofa | Verkefnið er í gangi. |
| **30. Starfsþróun fyrir útskrifaða nemendur með leyfisbréf sem vilja snúa til kennslu** | Tillögu vísað til kennaramenntunarstofnana | Grunnskólaskrifstofa | Staða verkefnis óljós. |
| **31. Fjölgun námsleyfa** | Sama aðgerð og við tillögu 17. Búa til endurmenntunarpott grunnskóla vegna kostnaðar við afleysingar í staðbundnum lotum. | Grunnskólaskrifstofa | Ekki komið til framkvæmda- óskað hefur verið eftir fjárveitingu. |